

Leiðbeiningar um endursetningu tveggja þátta auðkenningar

Ef skipt er um síma þá þarf að endursetja tveggja þátta auðkenni, auðkenni er bundið við raðnúmer símtækis og því flytjast nauðsynlegar upplýsingar ekki á milli tækja.

Til að endursetja auðkenni þarf að skrá sig inn á <https://lykilord.menntasky.is>

Til að skrá sig inn þarf að nota rafræn skilríki frá island.is, smellt er á innskráningu og símanúmer slegið inn, innskráning er svo samþykkt í síma.

Þegar búið er að skrá sig inn kemur upp heimasíða hjá Menntaský, þar þarf að velja rétta stofnun í flettilista sem er efstur á síðunni, **passa þarf að Framhaldsskólinn á Húsavík sé valinn** því annars virkar endursetning auðkennis ekki.

Eftir að búið er að velja rétta stofnun þá **er smellt á neðsta möguleikann um að endursetja tveggja þátta auðkenni**, þá fer af stað ferli sem eyðir út skráningu frá eldri síma. Þegar því er lokið kemur tilkynning sem segir að ferlinu sé lokið.

Eftir það þá þarf að fylgja leiðbeiningum um uppsetningu á tveggja þátta auðkenni



Breyta lykilorði

Byrjaðu á því að velja stofnun, sláðu svo inn öruggt lykilorð.

Ráðfærðu þig við kerfisstjóra þinnar stofnunar hversu flókið nýja lykilorðið þarf að vera.

Hér má sjá góðar venjur við meðferð lykilorða frá póst- og fjarskiptastofnun.

Framhaldsskólinn á Húsavík

Nýtt lykilorð

Staðfestu nýtt lykilorð

Breyta lykilorði

Endursetja tveggja þátta auðkenni